



# Fréttabréf Árskógarsskóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

34. tölublað 4. árgangur júní 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að...

konur blikka augunum næstum tvisvar oftari en karlar?

## Skóladagatal

Mikilvægt fyrir fólk að kynna sér skóladagatal 4. starfsárs 2015-2016 en það er að finna á heimasíðu skólans.

[Skóladagatal 2015-2016](#)

Kötlukot opnar 11. ágúst og 1.-7.b mæta 24. ágúst

## Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



## Samskiptaboðorðin

**Horfa** (augnsamband)

**Heilsa** (einlægur áhugi)

**Hlusta** (veita athygli)

**Hljóma** (jákvæður raddblær)

**Hrósa** (hvetja)

**Hjálpa** (vera til staðar)



## Kæra skólasamfélag

Í sumar eru 3. starfsár að baki í Árskógarsskóla sem leik- og grunnskóla. Þessi ár hafa verið okkur afar lærdómsrík. Starfsfólk skólans hefur lagt á sig mikla vinnu við að láta þetta stóra verkefni verða að veruleika, þ.e. að búa til heildstæðan skóla tveggja skólastiga undir sama þaki. Margt hefur verið reynt, flest gengið vel en annað síður. Við höfum alltaf sett það markmið að prófa sem flest og finna okkar leið í námi og kennslu, læra af reynslunni og sífellt leita leiða til að gera betur. Skólinn er á réttri leið, það segja kannanir meðal foreldra, starfsmanna og nemenda. Það hefur skipt sköpum við uppbygginguna að samfélagið á Ströndinni hefur tekið breytingunum á jákvæðan hátt, og stutt við starfið á margvíslegan hátt. Allir sem að skólanum koma hafa staðið saman, unnið saman að því markmiði að gera skólann að góðum stað fyrir alla sem að honum koma. Það er því bjart framundan.

Takk fyrir 3. starfsár Árskógarsskóla, takk fyrir samstarfið.

Kveðja frá skólastjórnendum,

Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Skólaslit föstudaginn 5. júní

Skólaslit Árskógarsskóla verða föstudaginn 5. júní kl. 10:00 í félagsheimilinu. Þann dag fá nemendur grunnskólastigs afhentan vitnisburð, elsti árgangur leikskólastigs er formlega útskrifaður af því skólastigi.

Nemendur grunnskólastigs mæta eingöngu á skólaslit þann dag og fara svo í sumarfrí, enginn skólabíll þennan dag.

Athöfnin tekur um 30 mínútur og við hvetjum alla til að mæta og eiga góða stund saman áður en grunnskólastignemendur fara í sumarfrí.

Þar sem 7. bekkingar verða í skólabúðum þessa viku höfum við nú þegar kvatt þau með „mini“ skólaslitum.



Sjáumst hress!

## Breytingar á starfsmannahópnum

Næsta vetur á 4. starfsári skólans verða nokkrar breytingar á starfsmannahópnum en þær eru þessar: **Kristrún J. Sigurðardóttir** hættir í kennslu eftir um 33 ára feril sem kennari í Árskógi fyrr og nú, mikil reynsla hverfur á brott og góður starfskraftur, við þökkum Kristrúnu fyrir hennar framlag við þróun nýs skóla og óskum henni velfarnaðar. Eflaust kíkir hún kannski stöku sinnum í kaffi til okkar. **Dagrún Matthíasdóttir** kennari hefur verið með okkur í 2 ár en fer nú til starfa í skóla á Akureyri. Við þökkum Dagrúnu fyrir hennar framlag og óskum henni velfarnaðar.

Nýr kennari hefur verið ráðinn en hún heitir **Heike Viktoria Kristínardóttir** frá Akureyri en hún er að klára meistarapróf í menntunarfræðum. Við bjóðum hana velkomna. **Guðrún Hulda Ragúels** var ráðin í starf stuðningsfulltrúa en hún var áður starfsmaður skólans á Kötlukoti. **Heike, Guðrún og Helga** verða teymi með 1.-7. bekk næsta vetur og í ágúst fá nemendur sinn umsjónarkennara sem verða Heike og Helga en ekki er búið að skipta niður í umsjónarhópa.

**Arna Stefánsdóttir** þroskaþjálfari verður að mestu starfandi í Dalvíkurskóla og ráðin þar en mun að einhverju leyti vinna með okkur líka, sama má segja um **Valdísu** iðjuþjálfara og **Guðný Jónu** námsráðgjafa. Þá mun **Dóra Reimarsdóttir** sinna sérkennslu- og kennsluráðgjöf.



## Sumarlestur

Þó sumarið sé komið og grunnskólanemendur alveg að detta í sumarfrí er mjög mikilvægt að nemendur haldi áfram að lesa í sumar. Heimalestur er afskaplega mikilvægur fyrir lestrarnám barna, lestur er eins og íþrótt þar sem æfingin skapar meistarann. Það er tilvalið að skreppa á bókasafn og hvetja börnin til að velja sér bók, lesa þar, á ferðalagi eða bara heima, inni eða úti. Lestur og læsi er undirstaða alls náms og lykill að tækifærum barna til frekari náms og síðar atvinnu á lífsleiðinni. Lestur í sumar er málið!



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2015-2016](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>






námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-



leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

# Viðburðadagatal júní 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

1 Jón Ævar afmæli 	2	3	4 Skipulagsdagur grunnskólastigs  <b>Kötlukot opið</b>	5 Skólaslit í félagsheimili kl. 10 <sup>00</sup> Engin rúta!  Sumarfrí grsk.	6	7
8 <b>Kötlukot lokar 12:00 vegna starfsmanna- fundar</b>	9	10	11	12	13 Jón Tryggvi afmæli 	14
15	16	17 Þjóðhátíð! Hæ hó jibbí jei <b>LOKAÐ</b> Bergdís afmæli 	18	19 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna <b>Kötlukot Lokar kl. 12:00</b>	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					